

Til kennara – hugmyndafræði

Þegar nemandi byrjar nám í síðasta skylduáfangi sínum í íslensku (503) hefur hann í fyrri áfangi (403) lokið við að lesa um kyrrstætt bændasamfélag 19. aldar og ríkjandi bókmenntastefnur þess tíma. Sú síðasta er kennd við raunsæi sem Verðandimenn fluttu yfir hafið til eyjunnar bláu í norðri. Skv. hugmyndafræði hennar stóð stéttskipt samfélagið þroska einstaklingsins fyrir þrífum. 20. öldin er kraftaverkaöld í íslensku samfélagi, tækniframfarir eru örar, fólk flyst úr sveitum, sjósókn eykst með þróun skipa, landsmenn fyllast eldmóði og baráttuhug, skin og skúrir skiptast á í mannlífinu sem jafnan. Enn og aftur skal ítrekað að bókmenntir, eins og aðrar listgreinar, draga dóm af samfélagi sínu.

Mörg verkefni sem hér verða kynnt byggjast á leitarnámi hjá nemendum. Önnur eru meira kennslubókarmiðuð.

Í leitarnámi felst að kennari leggur fram hugmynd að verkefni (að sjálfsögðu vel ígrunduðu), spurningu, fullyrðingu o.s.frv. og án þess að útfæra slíkt til hlítar sem oft er venjan. Síðan reynir á hugmyndaauðgi nemenda og samvinnu (séu fleiri en einn með verkefni) að vinna að lausninni. Til þess fá þeir afmarkaðan tíma sem þeir verða að skipuleggja vel. Mikilvægt er að róa á sem flest mið í verkefnavinnunni og óhikað leita nýrra leiða. Nemendur byrja á því að leita heimilda, vega og meta gildi þeirra og áreiðanleika (að sjálfsögðu með hjálp þeirra sem þekkja þar betur til), taka saman, túlka, endurskapa og koma í búning orða, talaðra og/eða skrifaðra. Síðan koma þeir námi sínu – niðurstöðum – til skila til bekkjarfélaga og kennara. Flutningur á verkefnum skiptir miklu máli og hér sem ætíð á ekki að kasta til höndunum.

Hvert er þá hlutverk kennarans kann einhver að spyrja, annar en leggja verkefni-islínuna? Jú, hlutverk hans felst í verkstjórn, að leiða nemendur gegnum vinnuna og benda þeim á nýjar leiðir til að nálgast lausnir og hugsa út frá nýjum forsendum. Hann er ætíð til staðar, boðinn og búinn að hjálpa nemendum að læra. Kennslubókin, hversu góð sem hún kann að vera, er aðeins eitt hjálpartæki af mörgum öðrum gögnum og hvorki hún né önnur gögn geyma algildan sannleika.

Myndrænt séð felst leitarnám í því að kennari kastar nemendum sínum út í laugina og ætlar þeim að svamla að bakkanum en stendur alltaf sjálfur á honum, tilbúinn að rétta fram hönd ef með þarf.

Gangi ykkur vel,
Brynja og Hallfríður.